

## **102. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 8. júní 2009 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Trausti Baldursson.

**Fundarritari:** Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 10:30.

### **Fundargerð 101. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplésin og samþykkt.

### **Umsögn um stjórnslukætur**

Erindi umhverfisráðuneytisins, dags. 25. maí 2009 var lagt fram og rætt. Með erindinu óskar ráðuneytið eftir umsögn nefndarinnar um tvær stjórnslukætur vegna vegarlagningar milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði, annars vegar frá Vegagerðinni, dags. 27. apríl 2009 og hins vegar frá Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, dags. 28. apríl 2009.

**Afgreiðsla:** Breiðafjarðarnefnd sér ekki að fram hafi komið ný gögn sem breytt geti fyrri niðurstöðu og ítrekar því afgreiðslur nefndarinnar í bréfum til Skiplagsstofnunar dags. 4. og 12. febrúar sl., þar sem m.a. er bent á þann kost að skipta framkvæmdinni upp í áfanga, matsskylda og ómatsskylda. Nefndin telur þennan möguleika enn vera fyrir hendi til þess að leysa úr því álitafni sem hér er til meðferðar.

### **Önnur mál**

#### **Skilti við ferjuhafnir á Breiðafirði**

Nefndarmönnum var falið að fara yfir texta skiltanna og velja myndir fyrir fundinn.

**Afgreiðsla:** Ákveðið var að fresta umræðu um skiltin þar til í haust þar sem það stendur ekki til að koma þeim upp fyrr en vorið 2010.

#### **Kynningarbæklingar**

Ritari sagði frá því að gengið hafi verið frá pöntun á bæklingunum „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður – Náttúra og saga“. Prentuð verða 10 þúsund eintök af hvorum bæklingi á ensku og 5 þúsund á íslensku.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Yfirferð yfir texta og athugasemdir var haldið áfram.

Þeir nefndarmenn sem hafa tekið að sér að skrifa texta munu skila þeim sem fyrst. Nefndarmenn munu hver fyrir sig lesa yfir verndaráætlunina og vera tilbúnir með athugasemdir við næstu yfirferð.

**Fundi var slitið kl. 15:00. Næsti fundur verður haldinn 1. júlí 2009.**